



Húsvörður/umsjónarmaður fasteigna

Svalbarðsstrandarhreppur leitar eftir handlögnum og duglegum starfsmanni til að sinna fjölbættu starfi húsvörðar/umsjónarmanns fasteigna fyrir sveitarfélagið. Um er að ræða ótímabundna ráðningu í fullt starf.

Verksvið:

- Ýmis verkefni fyrir skólastofnanir sveitarfélagsins skv. starfslýsingu.
- Umsjón með fasteignum sveitarfélagsins.
- Umsjón með lóðum og öðrum útsvæðum á vegum sveitarfélagsins.
- Umsjón með leiktækjum, ýmsum tækjabúnaði og húsbúnaði.
- Umsjón með minni framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.

Menntun og hæfni:

- Færni í samskiptum og samstarfi er skilyrði.
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Reynsla af starfi í viðkomandi iðngrein og/eða úr sambærilegu starfi er æskileg.
- Gott líkamlegt atferfi er kostur.

Laun og starfskjör eru samkvæmt samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknnum, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu Svalbarðseyri, 601 Akureyri eða í tölvupósti á netfangið postur@svalbardsstrond.is. Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2014.

Nánari upplýsingar veitir Eiríkur H. Hauksson í síma 894 4776 eða í tölvupósti á postur@svalbardsstrond.is.

Störf við Valsárskóla

Valsárskóli leitar eftir duglegum og ábyrgðarfullum einstaklingum til að sinna eftirtöldum störfum:



Starfsmaður í félagsstarf unglinga

Um er að ræða 30% stöðu og er starfstími seinni part dags og á kvöldin. Starfið felst í skipulagningu og framkvæmd félagsstarfs í samvinnu við nemendur ásamt samstarfi við aðra skóla og félagsmiðstöðvar. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja reynslu í að vinna með börnum og unglingum. Viðkomandi þarf helst að geta byrjað 1. september 2014.

Æskilegir eiginleikar:

- Færni í mannlegum samskiptum og umburðarlyndi
- Ábyrgðartilfinning og áreiðanleiki
- Snyrtimennska og skipulagshæfileikar

Starfsmaður í ræstingar

Í Valsárskóla vantar starfsmann í ræstingar. Um er að ræða 65% stöðu og er starfstími seinni part dags. Starfið felst í ræstingu, skóla, tónlistaskóla, íþróttahúss og sundlaugar á Svalbárðsströnd. Í upphafi starfstíma skipuleggur starfsmaður starfstíma sinn í samráði við skólustjóra. Viðkomandi þarf helst að geta byrjað 15. ágúst 2014.

Æskilegir eiginleikar:

- Ábyrgðartilfinning og áreiðanleiki
- Snyrtimennska og skipulagshæfileikar

Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2014. Kjör fara eftir kjarasamningi Launafndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Upplýsingar um störfin gefur Inga Sigrún Atladóttir skólustjóri Valsárskóla í síma 844-8510. Umsóknir má senda á inga.sigrun@svalbardsstrond.is.

Í skólanum er lögð áhersla á að byggja upp heilbrigða, vel menntaða og sterka einstaklinga sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu. Skólinn byggir agastefnu sína á Uppbyggingarstefnunni.

Björgunarsveitin Týr

Ágætu íbúar Svalbarðsstrandarhrepps



Björgunarsveitin Týr vill þakka íbúum fyrir góðar viðtökur og almennan stuðning í verkefninu Útkall í þágu vísinda. Þeir íbúar sem misst hafa af söfnunaraðilum björgunarsveitarinnar, hafa ekki verið heima eða ekki verið búnir að fá umslögin frá Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna hafa ennþá möguleika á að skila lífssýnum. Lífssýnaumslögum verður áfram hægt að skila í pósti þ.e. með Íslandspósti og Björgunarsveitin fær fjárstuðninginn.

Björgunarsveitin Týr
Svalbarðsströnd

Sundlaug Svalbarðsstrandar

Opnunartími sumarið 2014 er sem hér segir:

Þriðjudaga	kl. 15-19
Miðvikudaga	kl. 15-19
Fimmtudaga	kl. 15-19
Föstudaga	kl. 15-19
Laugardaga	kl. 11-15

Gjaldskrá: Engin gjaldtaka er á opnunartíma.

Leiga á sundlaug utan opnunartíma (allt að 2 klst með gæslu) kr. 12.500,-

Aðgangsreglur: Börn yngri en 10 ára þurfa að vera í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Miðað er við afmælisdag barns. Hver fullorðinn má hafa með sér tvö börn, nema ef um foreldri/forráðamann sé að ræða, þá má hafa fleiri.

Um sundlaugina: Sundlaugarkerið er 6m x 12,5m. Dýpi er mest 1,2 m og minnst 0,8 m. Einn heitur pottur er á sundlaugarsvæðinu. Vatnsskipti í lauginni verða á 19,2 klst. eða um 1,25 sinnum á sólarhring. Lítinn klór þarf því að nota í laugina til sóttþreinsunar.

Næstu rusladagar

24. júlí - Almennt sorp

31. júlí - Endurvinnsla

7. ágúst - Almennt sorp

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Litið um öxl

Þessi auglýsing birtist í Degi fimmtudaginn 26. mars 1942.

AUGLÝSING

Sá sem tók bláan hatt og gráan rykfrakka, með svörtum hönzukum í vösunum, úr forstofunni í samkomuhúsi Svalbarðsstrandar, á skemmtuninni laugardagskvöldið 21. marz, er vinsamlega beðinn að skila því aftur í Helga-magra-stræti 2, Akureyri, eða til eigandans, Kristjáns Tryggvasonar, Meyjarhóli, Svalbarðsströnd.

Dagur, 13. tbl. (26.03.1942), bls. 5
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2644375

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 19. ágúst.